



## Fundargerð

### 19. fundur atvinnu- og menningarmálanefndar Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn í atvinnu- og menningarmálanefnd Djúpavogshrepps í Löngubúð, Djúpavogi, mánudaginn 22.maí 2020 kl. 16:30. Fundinn sátu Þorbjörg Sandholt formaður, Berglind Elva Gunnlaugsdóttir, Bergþóra Birgisdóttir, Ingi Ragnarsson og Sigurjón Stefánsson. Einnig sat Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir atvinnu- og menningarmálafulltrúi fundinn. Þorbjörg stjórnaði fundi.

#### Dagskrá var eftirfarandi:

1. Jarðeigendur Múla
2. Landsamband smábátaeigenda, strandveiðar.
3. Skýrsla atvinnu- og menningarmálafulltrúa
4. Önnur mál

---

#### 1. Jarðeigendur Múla

Guðmundur Einar Skagalín Traustason og Þeba Björt Karlsdóttir, jarðeigendur Múla 1 sendu erindi til sveitarstjórnar, dagsett 21. mars 2020 þar sem þau óska formlega eftir að aflétt verði af þeim banni við lausagöngu hrossa. Nefndin átti fund með Guðmundi og Þebu þann 24. apríl 2020 þar sem þau gerðu grein fyrir sínu máli. Í framhaldi hefur nefndin farið vel yfir málið og fengið álit lögmanns sveitarfélagsins.

Það er mat nefndarinnar að þegar samþykkt um bann við lausagöngu hrossa var sett á sínum tíma hefur þáverandi sveitarstjórn byggt á jafnræðissjónarmiðum með því að bannið tæki til allra jarða og jafnframt hafi verið höfð í huga sérstök sjónarmið sem eiga við um lausagöngu hrossa.

Varðandi jafnræði, þá er einnig bent á að mörg sveitarfélög hafa í gildi sambærilegar reglur. Sérstaklega má nefna í því samhengi að þau sveitarfélög sem Djúpavogshreppur hefur ákveðið að sameinast eru með sambærilegar reglur og að framundan er vinna að gerð sameiginlegrar búfjársamþykktar.

Nefndin telur því ekki tímabært að endurskoða núverandi skipan banns við lausagöngu hrossa þar sem gera má ráð fyrir að stutt sé þar til reglur í nýju sveitarfélaga verði samræmdar.

#### 2. Landsamband smábátaeigenda strandveiðar.

Landsamband smábátaeigenda óskar eftir liðsinni frá sveitarstjórn Djúpavogshrepps vegna tímabundinna breytinga á reglum um strandveiðar vegna Covid-19. Nefndin tekur undir með smábátaeigendum og leggur til að stutt verði við þeirra erindi.

#### 3. Skýrsla atvinnu- og menningarmálafulltrúa

Halldóra Dröfn, atvinnu- og menningarmálafulltrúi gerði grein fyrir þeim málum sem hún hefur unnið að frá síðasta fundi. Búið að panta nýjar merkingar staðbundinna afurða sem komið verður fyrir í Kjörbúðinni. Von er á fimm nestisborðum sem sett verða fljótlega upp í sveitarfélaginu. Unnið er að því að setja upp „borða“ á

heimasíðunni þar sem hægt er að finna helstu upplýsingar um gistingu, veitingar og afþreyingu í Djúpavogshreppi. Halldóra er að vinna að því að kortleggja og skipuleggja sumarstörf. Halldóra minnti á að á fundi með ferðapjónustuaðilum var rætt um markaðssetningu á Djúpavogshreppi. Nefndin leggur áherslu á að gerð verði birtingaráætlun, Halldóru falið að fylgja málinu eftir.

#### **4. Önnur mál**

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:15

Þorbjörg Sandholt var fundarritari